

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 29/2012****2012/EES/34/28****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/728/ESB frá 29. nóvember 2010 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC) <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2010/728/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/194/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti liðar 1fc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/194/EB) í XX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 D 0728:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/728/ESB frá 29. nóvember 2010 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC) (Stjtíð. ESB L 313, 30.11.2010, bls. 13).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/728/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>, eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2012 frá 10. febrúar 2012 <sup>(4)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 51.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 313, 30.11.2010, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 65.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 40.